

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 16. mars 2022.

Mál nr. 113/2022:

Lögreglustjóriinn á Norðurlandi eystra
(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)
gegn

Aðalsteini Kjartanssny
(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarmarnir Davíð Þór Björgvinsson, Ragnheiður Bragadóttir og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 2. mars 2022, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum degi síðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 28. febrúar 2022 í málinu nr. R-32/2022 þar sem úrskurðað var að ákvörðun sóknaraðila, sem varnaraðila var kynnt 14. febrúar síðastliðinn, um að taka af honum skýrslu sem sakborningi í máli nr. 316-2021-3997, væri ólögmæt. Kæruheimild er í d- og f-liðum 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 2 Sóknaraðili krefst þess aðallega að kröfu varnaraðila verði vísað frá héraðsdómi en til vara að „Landsréttur kveði efnislega á um að [sóknaraðila] verði heimilað að rækja starfsskyldur sínar með skýrslutökum af [varnaraðila] sem sakborningi í þágu rannsóknar máls lögreglu nr. 316-2021-3997.“
- 3 Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- 4 Málsatvik eru í aðalatriðum þau að 14. febrúar síðastliðinn var varnaraðila tilkynnt af hálfu sóknaraðila að hann hefði réttarstöðu sakbornings við rannsókn embættisins á brotum gegn 228. gr. og/eða 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um friðhelgi einkalífs. Var hann boðaður til skýrslutöku hjá lögreglu af því tilefni. Í hinum kærða úrskurði kemur fram að í yfirlýsingu sóknaraðila næsta dag hafi því verið lýst að embættið hefði til rannsóknar brot gegn friðhelgi einkalífs og málið væri í hefðbundnum farvegi. Liður í rannsókn þess væri að taka skýrslur af aðilum og vitnum í því skyni að upplýsa mál. Varnaraðili hefur aftur á móti borið fyrir sig að óheimilt sé að taka af honum skýrslu sem sakborningi í málinu. Hann hafi ekki brotið gegn lögum og heimild skorti til að taka af honum skýrslu sem sakborningi. Varnaraðili njóti, sem blaðamaður, ákveðinnar verndar fyrir slíkum rannsóknaraðgerðum og beri að lögum að vernda heimildarmenn sína. Um málavexti að öðru leyti er vísað til hins kærða úrskurðar.

- 5 Skilja verður málatilbúnað varnaraðila þannig að hann telji að rannsókn söknaraðila á honum sem sakborningi í ofangreindu máli löggreglu sé ólögmæt og skuli hætt. Málið lýtur þannig að forminu til að ágreiningi um „lögmæti rannsóknarathafna löggreglu“ í skilningi 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008.
- 6 Ákvæðið, sem er samhljóða 75. gr. eldri laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, hefur í dómaframkvæmd verið skýrt svo að heimilt sé að bera ágreining um lögmæti rannsóknar löggreglu eða ákæranda í heild sinni undir dómarar á grundvelli ákvæðisins, sbr. dóma Hæstaréttar 8. júní 2006 í máli nr. 248/2006 og 23. janúar 2007 í máli nr. 661/2006 og úrskurð Landsréttar 24. október 2019 í máli nr. 668/2019. Af dónum Hæstaréttar 30. maí 2012 í málum nr. 356/2012 og 357/2012 og 20. desember 2018 í máli nr. 30/2018 er aftur á móti ljóst að ágreiningurinn verður að lúta að því hvort rannsókn sé ólögmæt af formástæðum en ekki að efni málsins. Af síðastgreinda dómimum verður meðal annars ráðið, í samræmi við meginregluna um þrígreiningu ríkisvaldsins og verkaskiptingu löggreglu og ákæruvaldsins annars vegar og dómstóla hins vegar, að ákvörðun löggreglu um að hafja rannsókn verði ekki endurskoðuð fyrir dómstólum af efnislegum ástæðum. Eru heimildir dómstóla til slíkrar endurskoðunar, sem styðjast við 60. gr. stjórnarskrárinna, bundin við atriði sem varða formhlið máls og þá eingöngu til að kveða á um gildi ákvörðunar.
- 7 Háttsemin sem rannsóknin beinist meðal annars að í þessu máli er hvort varnaraðili, sem er blaðamaður, hafi einn eða í félagi við aðra afritað síma í eigu brotaþola sem þriðji maður mun hafa játað að hafa tekið ófrjálsri hendi frá brotaþola. Að sögn söknaraðila kann ætluð háttsemi varnaraðila að varða við 228. og 229. gr. almennra hegningarlaga. Varnaraðili er blaðamaður og byggir á því að ætluð háttsemi hans sé honum refsilaus með vísan til almannahagsmuna, sbr. 4. mgr. 228. gr. og 2. mgr. 229. gr. laganna. Þá telur varnaraðili að markmið söknaraðila sé að krefja hann um upplýsingar um heimildarmenn sína, sem honum sé óheimilt að láta í té, sbr. meðal annars 25. gr. laga nr. 38/2011 um fjöldiðla.
- 8 Fjöldiðlar gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðislegu samfélagi fyrir frjálsa og upplýsta umræðu um málefni er almenning varða. Gjalda verður varhug við því að störfum blaðamanna séu settar takmarkanir sem skerða möguleika þeirra til að fjalla um almenn málefni sem og við íhlutun löggreglu sem kann að verða túlkuð sem afskipti af störfum þeirra við öflun og miðlun fréttu um mikilvæg málefni. Sem blaðamaður nýtur varnaraðili ríks tjáningarfrelsис samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinna og 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá hefur hann réttindi og skyldur sem blaðamaður, meðal annars til verndar heimildarmönnum, sbr. einkum 25. gr. laga nr. 38/2011, sem fyrr getur, sbr. og 119. gr. laga nr. 88/2008 og 53. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá er þess að geta að þessi réttur, og eftir atvikum skylda blaðamanns, er talinn felast í 73. gr. stjórnarskrárinna og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Vernd heimildarmanna verður aðeins aflétt að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinna, sbr. og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en þær

lúta meðal annars að allsherjarreglu eða öryggi ríkisins, vernd heilsu eða siðgæði manna ellegar réttindum eða mannordi annarra, enda teljist takmörkun réttindanna nauðsynleg og samrýmast lýðræðishefðum. Þessar reglur og þau sjónarmið sem þær hvila á leiða þó ekki af sér skyldu til að tryggja blaðamönnum vernd gegn rannsókn löggreglu á ætluðum brotum þeirra gegn almennum hegningarlögum við rækslu starfa þeirra eða saksokn fyrir slík brot ef svo ber undir. Verða þeir, að teknu tilliti til mikilvægis starfa þeirra og frjálsra fjölmíðla í lýðræðislegu samfélagi, að una því eins og aðrir borgarar að sakamál séu rannsökuð og rekin á hendur þeim fyrir ætluð hegningarlاغabrot sem þeir kunna að hafa framið við störf sín.

- 9) Þá er þess að geta að brotaþoli nýtur verndar friðhelgi einkalífs síns samkvæmt 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá nýtur friðhelgi einkalífs hans refsiverndar samkvæmt nefndum ákvæðum almennra hegningarlaga.
- 10) Málið á hendur varnaraðila er í rannsókn sem sakamál sem um gilda ákvæði laga nr. 88/2008, sbr. 2. þátt, VII. -XV. kafla laganna. Samkvæmt 52. gr. þeirra hefur löggregla á hendi rannsókn sakamáls undir stjórn héraðssaksóknara eða lögreglustjóra og skal löggregla hefja slíka rannsókn hvenær sem þess gerist þörf vegna vitneskju eða gruns um að refsivert brot hafi verið framið. Ákvæði þessi eru reist á þeirri grunnreglu að hlutverk löggreglu og ákærenda sé að gæta að því að rannsókn fari fram ef grunur er uppi um refsiverða háttsemi og þá án tillits til þess hvort kæra hefur verið borin fram vegna hennar, nema því aðeins að saksókn sé háð kröfu þess sem misgert hefur verið við.
- 11) Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 hefur löggreglurannsókn að markmiði að afla nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé að henni lokinni fært að ákveða hvort sækja skuli man til sakar, svo og til að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi. Í 2. mgr. 53. gr. þeirra kemur fram að þeir sem rannsaka sakamál skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Í málínu sem hér um ræðir felst því að löggreglu ber meðal annars að taka tillit til atriða sem varða stöðu varnaraðila sem blaðamanns og leggja mat á þýðingu hennar fyrir mögulega sekt hans eða sýknu.
- 12) Í 145. gr. sömu laga segir að þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til saka eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi samkvæmt 152. gr., sbr. þó 146. gr. Í 3. mgr. 18. gr. laganna segir sömuleiðis að ákærendur skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Í þessu máli verður því einnig samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laganna að ætla að ákærandi taki tillit til atriða sem varða stöðu varnaraðila sem blaðamanns eftir því sem atvik málsins gefa tilefni til.
- 13) Komi til útgáfu ákæru í málínu hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákærvaldinu, sbr. 108. gr. Þá kemur fram í 1. mgr. 109. gr. að

dómari meti hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt framansögðu er lögreglu, ákærvaldi og dómara á öllum stigum máls rétt og skylt að gæta þeirra atriða sem sakborningi eru til hagsbóta og taka í því efni mið af rétti hans og skyldum sem blaðamanns eftir því sem tilefni er til.

- 14 Þá er þess að geta að málið er á rannsóknarstigi og liggur í hlutarins eðli að ófært er fyrir dómstóla að kveða á um hvort þær refsileysisástæður sem varnaraðili ber fyrir sig og fram koma í 4. mgr. 228. og 2. mgr. 229. gr. almennra hegningarlaga kunni að eiga við um ætlaða háttsemi hans. Þá er heldur ekki á þessu stigi hægt að skera úr um það fyrirfram hvort frekari rannsókn og möguleg saksókn kunni að fara gegn rétti blaðamanns til tjáningar eða skyldum hans til að gæta trúnaðar um heimildarmenn sína. Liggur ekkert fyrir í málinu sem gefur tilefni til ályktana um annað en að fyllstu réttinda varnaraðila, þar með talið réttar hans og skyldna sem blaðamanns til að fjalla um mikilvæg málefni, verði að fullu gætt við frekari meðferð málsins. Þá er þess að geta að réttarstaða varnaraðila sem sakbornings er til þess fallin að treysta réttarvernd hans. Þannig hefur hann á öllum stigum máls rétt til að ráðfæra sig við verjanda að eigin vali sem ber að gæta réttar sakbornings, meðal annars um rétt hans til að svara ekki spurningum ef svör kunna að vera til þess fallin að fella á hann sök eða að kennsl verði borin á heimildarmenn hans í bága við 25. gr. laga nr. 38/2011.
- 15 Að öllu framangreindu leiðir að vald dómstóla til að kveða á um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu í skilningi 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 nær eingöngu til formlegra atriða, einkum að því er varðar gildi ákvarðana lögreglu. Vald dómstóla í þessum efnunum nær á hinn bóginnekk til þess að leggja við upphaf rannsóknar efnislegt mat á atriði sem horfa kunni til sýknu eða refsileysis sakbornings áður en ákæra hefur verið gefin út, gefa fyrirmæli til lögreglu um að rannsókn skuli hætt af efnislegum ástæðum á þessu stigi eða taka á þessu stigi afstöðu til annarra atriða er varða blaðamenn sérstaklega og vernd heimildarmanna þeirra. Að öllu þessu gættu, og þar sem ekkert hefur komið fram í málinu um að réttra formlegra aðferða hafi ekki verið gætt þegar lögregla tók ákvörðun um að hefja rannsókn sína á hendur varnaraðila, er óljákvæmilegt að vísa málinu frá héraðsdómi.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Rétt endurrit staðfestir
16.3.2022

